



**Framkvæmdastjórnarfundur  
Landsambands æskulýðsfélaga**  
Haldin á skrifstofu LÆF í Hinu Húsinu.  
Þriðjudaginn 6.janúar 2009

**Mættir:** Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS), Sindri Snær Einarsson (SSE) og Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) auk Hildar Tryggvadóttur Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóra. Nýr fulltrúi í stjórn frá KSH Rakel Brynjólfsdóttir (RB) boðaði forföll.

**Fundur settur:** kl. 18:40

**Dagskrá fundar**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar hafði ekki borist og var því frestað til næsta fundar.
2. Nýr stjórnarmaður kynntur til leiks.  
RB nýr stjórnarmaður í stað Davíðs Arnar Sveinbjörnssonar boðaði forföll. JPS sagði þó í stuttu máli frá RB.
3. Fjárlaganefnd og fjárlög 2009  
Ljóst er að LÆF fær 5 milljónir af fjárlögum sem er sama fjárhæð og félagið fékk árið 2008. HTF lagði fram uppkast að nýrri fjárhagsáætlun í samræmi við þetta. Stefnt er að því að safna 1,5 milljón í tekjur á þessu ári.  
  
JPS leitaði eftir samþykki stjórnar til að ganga til viðræðna um nýjan ráðningasamning við HTF. Samþykkt samhljóða.
4. Þing unga fólksins  
Enn stefnt að fundi 13.janúar með fulltrúum allra ungmennahreyfinga stjórnsmálaflokkanna.
5. Skipulagning fulltrúaráðsfundar  
Fulltrúaráðsfundur verður haldin 15. janúar 2009 kl. 18:00. Rætt var um dagskrá fundarins og gerðar nokkrar breytingar. HTF lagði fram uppkast af fundarboði og var það samþykkt með umræðum um breytingar á dagskrá.
6. Fundur með MMR 7 janúar 2009  
Rætt var um efni sem stjórnin ætlaði að leggja fram og ræða á fundi með fulltrúum Menntamálaráðuneytisins þann 7.janúar 2009. Ákveðið var að ræða hvað LÆF hefði gert frá síðasta Sambandsþingi, framtíðarsýn LÆF, stöðu á skipan í Æskulýðsrád, málefni Nordbuk og Compass og námskeið í Mannréttindafræðslu.
7. Endurnýjun ráðninga samnings við Framkvæmdastjóra  
Liðurinn var felldur út þar sem umræða um þetta fór fram undir lið 3.
8. Alþjóðamál  
HTF sagði frá því að borist hefði boð á námskeið á vegum SALTO um þátttöku ungs fólks í samfélaginu sem haldið verður um mánaðarmótin mars/apríl í Belgíu. Engin frekari umræða um málið.

9. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu.  
HTF sagði frá því að svarbréf hafi borist frá Menntamálaráðuneyti þar sem svarað bréfi LÆF frá því 1. desember þar sem óskað var eftir rökstuðningi fyrir höfnun úr Æskulýðssjóði.
10. Önnur mál  
JBS, HTF og PBM sögðu frá fundi sem þau áttu með fulltrúum frá Unicef rétt fyrir jól. Rætt var um að hefja samstaf við Unicef um verkefnið sem þau eru að fara af stað með um aukna þátttöku barna og unglinga í samfélaginu. Samþykkt að HTF hefði samband við Unicef og sagði að LÆF hefði áhuga á að vera með í verkefninu og leitaði eftir mögulegum samstarfsflötum.

Fleira vara ekki rætt.

**Fundi slitið:**19:43

**Fundargerð ritaði:** Hildur Tryggvadóttir Flóvenz